

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2006, þriðjudaginn 28. nóvember kl. 11.00 var haldinn 58. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1.

Þessir sátu fundinn: Guðlaugur Þór Þórðarson, Haukur Leósson, Stefán Jón Hafstein, Gunnar Sigurðsson og Björn Bjarki Þorsteinsson.

Einnig sátu fundinn forstjóri og framkvæmdastjórar.

Fundarritari var Hjörleifur B. Kvaran.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur 1.1. – 30.9. 2006 og samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur 1.1. – 30.9. 2006. Einnig bréf Deloitte, dags. 28. nóvember 2006 um árshlutareikning 30. september 2006. Endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur mættu á fundinn og gerðu grein fyrir reikningunum. Árshlutareikningurinn samþykktur og undirritaður af stjórn og forstjóra.
2. Lögð fram skýrsla Ráðgjafar- og efnahagsspár ehf. um þróun erlendra lána Orkuveitu Reykjavíkur og gengishreyfingar til 30.9.2006. Einnig yfirlit yfir stöðu erlendra lána 31.10.2006.

Kl. 11.50 mætti Björn Ingi Hrafnsson á fundinn.

3. Lögð fram tillaga að fjárhags- og starfsáætlun Orkuveitu Reykjavíkur 2007 og 3ja ára áætlun 2008 – 2010.
Samþykkt. (Stefán Jón Hafstein sat hjá)
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra.
Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að verðbreytingar á rafmagni verði þannig fyrirkomið:
 - Verðbreytingar á heildsöluverði frá Landsvirkjun leiði til hækkunar á smásöluverði Orkuveitu Reykjavíkur í réttum hlutföllum við kaup Orkuveitu Reykjavíkur af orku frá Landsvirkjun.
 - Verð fyrir dreifingu rafmagns miðist við tekjuramma þann sem Orkustofnun úthlutar á dreifisvæði Orkuveitunnar.
 - Verð fyrir flutning endurspegli gjaldskrá Landsnets fyrir flutning.
 - Verð fyrir eigin framleiðslu Orkuveitu Reykjavíkur verði samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt.

5. Lagt fram bréf fjármálastjóra um heimild til að ganga frá lánasamningi að andvirði 50 milljón evra (um 4.5 milljarðar ísk) samkvæmt drögum að tilboði frá Dexia Crédit Local.

Jafnframt að forstjóra og/eða framkvæmdastjóra fjármála og/eða sviðsstjóra lántöku- og áhættudreifingar verði heimilað að undirrita lánasamninga ásamt öllum nauðsynlegum skjölum sem tilheyra þessum samningum.

Stjórnin samþykkir erindið fyrir sitt leyti og samþykkir að óska staðfestingar eigenda á lánatökunni.

Kl. 12.05 mætti Ólafur F. Magnússon á fundinn.

6. Lagður fram samningur milli Orkuveitu Reykjavíkur um kaup Orkuveitu Reykjavíkur á fráveitukerfi Faxaflóahafna.
Samþykkt.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga framkvæmdastjóra virkjana og sölu:

Lagt er til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að taka þátt í hlutafjárútbóði Enex hf. Orkuveita Reykjavíkur á kost á að kaupa forgangshlut að nafnverði kr. 63.985.005.- á genginu 2,0 eða alls 127.970.010.- Að auki er unnt að skrá sig fyrir umframhlut sem ekki selst sem forgangshlutur annarra hluthafa.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri Enex mætti á fundinn og gerði grein fyrir málinu og lagði fram sölulýsingu hlutafjár, nóvember 2006.

Stjórnin samþykkir að taka þátt í hlutafjárútbóðinu. Ennfremur að skrá sig fyrir 50% af umframhlutum.

8. Lagt fram bréf iðnaðarráðuneytisins dags. 20. október sl. og erindi ESA frá 26. september 2006 um íslensk raforkufyrirtæki og ríkis/sveitarfélagaábyrgðir.
9. Lagt fram bréf Póst- og fjarskiptastofnunnar dags. 13. nóvember 2006 og ákvörðun stofnunarinnar frá 13. nóvember 2006 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur.

Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að gagnaveita Orkuveitu Reykjavíkur verði sett í sérstakt einkahlutafélag frá næstu áramótum. Félagið verði að öllu leyti í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og taki yfir eignir og rekstur ljósleiðarakerfis OR og þá samninga sem OR hefur gert við fyrirtæki og sveitarfélög.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt.

10. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra virkjana og sölu dags. 26.11.2006 um stöðu framkvæmda og undirbúnings á Hellisheiði.

11. Samþykkt að kjósa eftirtalda í vísindaráð Umhverfis- og orkurannsóknarsjóðs: Guðlaug Þór Þórðarson, Björn Inga Hrafnsson og Stefán Jón Hafstein.
12. Rætt um málefni Feygingar.
13. Lögð fram að nýju tillaga Stefáns Jóns Hafstein frá 57. stjórnarfund, liður 14, um stofnun menningarsjóðs Orkuveitu Reykjavíkur.
Lögð fram svohljóðandi tillaga forstjóra:

Stjórn OR samþykkir að fela forstjóra að gera tillögu til stjórnar um stefnu og verklag varðandi framkvæmd OR á samfélagslegri ábyrgð. Stefnan og verklagið miði að gegnsæju verklagi og sýnileika við veitingu styrkja og framlaga. Stefnan skal endurspeglar áherslu stjórnar OR á framlög til menningarmála, íþrótt- og æskulýðsmála, umhverfis- og útivistarmála og mannúðarmála. Í þessari vinnu skulu hagsmunaaðilar greindir og komið á reglulegum samskiptum við þá, s.s. sveitarfélög sem eiga hlut í OR, sveitarfélög sem OR starfar í og aðra hagsmunaaðila, faghópa og áhugamannafélög.

Greina skal frá markmiðum og árangri OR í samfélagslega ábyrgð í árlegri skýrslu. Tillögu að stefnunni skal leggja fyrir stjórn OR í febrúar 2007.

Tillögunni fylgir greinargerð.

Samþykkt að vísa báðum tillögnum til forstjóra sem falið er að leggja málið fyrir stjórn í formi tillögu í febrúarmánuði nk.

14. Lögð fram eftirfarandi vottunarskírteini:

- Vottorð um vinnuöryggisstjórnunarkerfi
- Vottorð um gæðakerfi
- Vottorð um umhverfisstjórnunarkerfi

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur óskaði starfsmönnum til hamingju með þennan árangur.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:30

Guðlaugur Þór Þórðarson,
Björn Bjarki Þorsteinsson, Björn Ingi Hrafnsson, Gunnar Sigurðsson,
Haukur Leósson, Ólafur F. Magnússon, Stefán Jón Hafstein.